



FLÓRGOÐINN

Samstarf um barnið þitt

Velferð í fyrirrúmi

Kæru nemendur / foreldrar

Allir geta verið sammála um að ekkert sé foreldrum dýrmætara en velferð barna þeirra. Fjöldi rannsókna segir okkur að það séu óumdeilanlega foreldrarnir sem hafi mest áhrif á líf barnanna þ.á.m. nám og líðan.

Ábyrgð foreldra er því mikil. Góðir foreldrar láta sig varða um allt sem lýtur að velferð barna sinna og eiga hlutdeild í öllum mikilsverðum ákvörðunum sem snerta barnið. Það á einnig við um starf barnsins í skólanum. Einn veigamesti stuðningsaðili foreldra í uppeldi og menntun barnsins er skólinn. Auk vaxandi mikilvægis menntunar hefur skólasamfélagið umtalsverð áhrif á félagslega stöðu og þróun sjálfsmyndar barnsins. Velferð barnsins verður best tryggð þegar hinir fullorðnu standa saman um hagsmuni barnsins og stefna í sömu átt. Það veitir barninu aukið öryggi

að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu og samræmi í gildum og væntingum heima fyrir og í skólanum.

Markmið samstarfsins er velferð barnsins þíns. Eðlilegt er að samstarf foreldra og kennara snúist um markmið. Gott samstarf einkennist af gagnkvæmum upplýsingum um stöðu barnsins, samræðu, samvinnu þar sem stefnt er að sameiginlegu markmiði sem báðir/allir aðilar taka ábyrgð á.

Til að styðja barn þitt getur þú:

- Sýnt áhuga á starfi barnsins og líðan í skólanum með því að spyrja það.
- Hlustað á barnið.
- Hjálpað barninu til að leita lausna ef upp kemur vandi.
- Notað þau tækifæri sem gefast til að koma í

skólann og kynnast reynsluheimi barnsins.

- Hvatt barnið til að gera sitt besta og styðja það eftir þörfum.
- Verið vakandi fyrir því sem barnið gerir vel og hrósa því.
- Talað jákvætt um nám, samskipti og starfið í skólanum.
- Aflað upplýsinga frá skólanum ef eitthvað er óljóst.
- Veitt kennaranum upplýsingar sem komið geta barninu til góða.
- Kynnt þér upplýsingar um starf bekkjarins/nemendahópsins og skólans.
- Leitað leiða til að kynnast skólafélögum barnsins og foreldrum þeirra.

Stjórn Foreldrafélags
Áslandsskóla

Hlutverk foreldrafélags

Hlutverk foreldrafélagsins er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl foreldra, bæði innbyrðis og við skólann. Einnig að skapa vettvang fyrir samstarf og samstöðu meðal foreldra.

Markmið foreldrafélagsins eru:

Að stuðla að vellíðan nemenda og bættum námsárangri með því að auka samskipti foreldra og styrkja skólabraginn. Stjórnin sér til þess að verkefnum sé skipt milli foreldra þannig að sem flestir taki þátt í foreldrastarfinu.

Hverjir sitja í stjórn foreldrafélagsins?

Allir foreldrar barna í viðkomandi skóla geta boðið sig fram í stjórn foreldrafélags.

Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi.

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur þar sem m.a. er kveðið á um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa foreldra í skólaráð.

Stjórnin mótar stefnu og áherslur í starfi í samráði við skólastjórnendur, bekkjartengla og nemendaráð.

Góð samskipti foreldra auðvelda samráð og samstöðu í uppeldinu. Einn mikilvægasti hluti starfs foreldrafélaganna er uppbygging bekkjarstarfsins en það er einn besti samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra í uppeldinu. Í þessu starfi gegna bekkjartenglar afar mikilvægu hlutverki.

Hvað er foreldraráð Hafnarfjarðar?

Foreldraráð Hafnarfjarðar er samráðsvettvangur og málsvari foreldra grunnskólabarna í Hafnarfirði sem sinnir ýmsum hagsmunamálum barna og foreldra í grunnskólum bæjarins. Í Foreldraráði sitja að minnsta kosti tveir fulltrúar foreldra úr stjórn foreldrafélaga og skólaráða úr öllum grunnskólum Hafnarfjarðar.

Frá Áslandsskóla sitja Sveinborg Petrína Jensdóttir og Sigríður Elfa Þorgilsdóttir foreldraráði.

Foreldraráð vinnur að sameiginlegum málefnum grunnskólanna og gefur umsagnir um ýmis mál er varða skóla- og fjölskyldumál. Samstarfið gerir foreldrafulltrúum kleift að vera í nánú sambandi og fylgjast með því helsta sem fram fer í grunnskólunum.

Foreldraráð er í góðum samskiptum við Heimili og skóla, landssamtök foreldra. Foreldraráðið hefur fundað með forsvarsmönnum Íþróttá- og tólmstundafélaga, lögreglu, forvarnarfulltrúa og tónlistarskóla bæjarins með góðum árangri.

Foreldraráð tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd sveitarfélaga samkvæmt grunnskólalögum, í Hafnarfirði fræðsluráð. Áheyrnarfulltrúi foreldra í fræðsluráði hefur áheyrnar- og tillögurétt í ráðinu en ekki atkvæðisrétt. Fundir fræðsluráðs eru á tveggja vikna fresti, á mánudögum og birtast fundargerðirnar á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar. Foreldrar og/eða foreldrafélög geta komið málefnum til fræðsluráðs í gegnum Foreldraráðið með því að senda fyrirspurnir til þess formlega. Sigríður Elfa er vara áheyrnarfulltrúi í ráðinu.

Stjórn Foreldrafélags Áslandsskóla

Ný stjórn foreldrafélagsins tók til starfa nú á haustdögum en í henni sitja:

Formaður er Sveinborg Petrína Jensdóttir. Á barn í 7. bekk.

Varaformaður er Kristín Dögg Höskuldsdóttir. Á börn í 4. og 7. bekk.

Gjaldkeri er Stefanía Gunnarsdóttir. Á barn í 8. bekk

Ritari er Þórey Hallbergsdóttir. Á barn í 7. bekk
Meðstjórnendur:

Sigríður Elfa Þorgilsdóttir. Á börn í 4. og 7. bekk

Það er þörf á fólki í stjórn og ef þú hefur áhuga á að vera með ekki hika—láttu okkur vita: foreldrafelag@aslandsskoli.is

Færðu fréttir frá foreldrafélaginu?

Við viljum eindregið benda foreldrum á að uppfæra tölvupóstföng og símanúmer inná Mentor. Talsvert af óvirkum tölvupóstföngum er inni í Mentor og vitum við því að ekki eru allir foreldrar að fá upplýsingar um foreldrastarfið í skólanum. Við sem foreldrar viljum að sjálfsgöðu vita hvað er um að vera hjá börnum okkar í skólanum og þær fréttir sem að skólinn, bekkjatenglar eða foreldrafélagið er að senda út hverju sinni. Þetta getur einnig átt við um upplýsingar sem að kennarar senda í gegnum Mentor þannig að—**foreldrar endilega uppfærið tölvupóstföng inná Mentor.**

Bekkjartenglar

Í sumum bekkjardeildum eru foreldrar virkir og hafa gott samstarf en í öðrum bekkjum er lítið um foreldrastarf. **Hlutverk bekkjartengla er mjög mikilvægt í þessu sambandi.** Mikilvægt er að þeir miðli sín á milli góðum ráðum og velti fyrir sér spurningunni um það, hvernig hægt er að virkja foreldra enn frekar í skólastarfinu. **Foreldrasamstarf er mjög mikilvægt og ef foreldrar eru virkir getur það haft úrslitaáhrif á líðan barnanna og námsárangur.**

Í foreldrasamfélaginu gegna **bekkjarfulltrúar** lykilhlutverki í samskiptum foreldra og skólans. Í samstarfi við umsjónarkennara koma foreldrar að félagslífi nemenda og geta bekkjarfulltrúar auðveldað umsjónarkennara samstarf við foreldra. Þeir hjálpa oft við að byggja upp góðan bekkjaranda og geta komið að málum eins og einelti og félagslegri einangrun. Bekkjarfulltrúar eða bekkjartenglar eru á vegum foreldrafélagsins og flest foreldrafélög halda reglulega fundi með bekkjarfulltrúum þar sem rædd eru stefnumið og hugmyndir foreldrafélagsins og foreldraráðs um skólaandann og ýmsar áætlanir skólans í þá átt.

Fundir foreldrafélagsins

Þann 6. nóvember síðastliðin var haldinn fundur á vegum foreldrafélagsins í sal skólans með yfirskriftinni **Vilt þú hafa áhrif á velferð barna þinna í skólanum?** Hann var ætlaður öllum foreldrum skólans en þar var verið að ræða ýmiss málafni tengd foreldrastarfi.

Allir voru sammála um það að það ætti að skipa bekkjartengla. Eins og staðan er í dag vantar bekkjartengla í **fimm bekki** og einungis er einn bekkjartengill í nokkrum bekkjum. Verið er að vinna að betri hugmyndum um nýtingu foreldra sem bekkjartenglar. Til að mynda hefur sú hugmynd komið upp að stafrófsröðin einfaldlega ráði hverjir verða bekkjartenglar. Þannig gætu foreldrar séð fram í tímann hvenær röðin er komin að þeim og þannig komum við líka í veg fyrir að sama fólkið þurfi alltaf að bjarga málum.

FORELDRARÖLT

Af hverju?

Foreldrarölt er fyrst og fremst vegna þess að okkur er ekki sama. Við viljum varna því að börnin okkar lendi í vanda. Við viljum líka koma í veg fyrir hópamyndanir eftir löglegan útivistartíma.

Nærvera fullorðinna þar sem börn hafa safnast saman hefur róandi og fyrirbyggjandi áhrif. Líkur á að börn lendi í aðstæðum sem ógna þeim eða hræða minnka þegar fullorðnir eru nálægir. Nærvera fullorðinna gefur börnunum tækifæri til að leita aðstoðar ef á þarf að halda. Eins viljum við líka vita hvað er í gerast í hverfinu okkar.

- Er verið að selja eiturlyf?
- Er verið að selja áfengi?
- Er verið að ógna hverfinu okkar á einhvern hátt?

Í einu hverfi í Hafnarfirði komu upp mörg mál á síðasta ári er varða börn, þar var mikið um hópamyndanir, sölu á vímuefnum, og ofbeldi. Þessi börn sem voru þarna saman komin voru ekki bara úr þessu tiltekna hverfi. En foreldrar í þessu hverfi tóku sig saman gengu aldrei færr en 5 bæði föstudags- og laugardagskvöld til að sporna við þessum vanda.

Tókst með þessum aðgerðum að uppræta vandan. En hefur

hann færst um hverfi? Vilt þú ekki að barnið þitt og nánasta umhverfi þess sé öruggt?

Foreldrarölt er ekki eingöngu til passa upp á börnin okkar, heldur líka til að passa upp á hverfið okkar.

Við berum öll samfélagslega ábyrgð á okkar nánasta umhverfi og eigum að sýna þeim sem eiga í vanda að okkur stendur ekki á sama.

Þess vegna skiptist foreldrarölt á milli allra bekkja skólans og þannig myndum við eina heild.

Mætum í foreldraröltið

FORELDRAR GÓÐIR !

**ÞAÐ VANTAR FLEIRI FORELDRA TIL STARFA.
TÖKUM ÞÁTT OG GEFUM AF OKKUR Í ÞÁGU
BARNA OKKAR OG SKÓLANS.**



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri